Óháð fréttablað á Vestfjörðum

# BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk

5 694110 023513

Fimmtudagur
2. september 2010
35. tbl. · 27. árg.

# Pólitík er óútreiknanleg

– segir Kristinn H. Gunnarsson fyrrverandi alþingismaður í Bolungarvík. Svipað mætti kannski segja um hann sjálfan. Sjá viðtal í miðopnu.

# Lokið við malbikun Bolungarvíkurganga

„Þetta er ákveðinn áfangi og rekur lokahöndina á vegagerðina í göngunum,“ segir Einar Hrafn Hjálmarsson, aðstoðarverkefnastjóri hjá Ósafli en lokið var við malbikun Bolungarvíkurganga á föstudag. „Malbikunin stóð yfir í tíu daga og gekk ljómandi vel.“ Mikill hiti myndaðist í göngunum á meðan malbikuninni stóð. „Malbikið er um 150 gráður þegar það er lagt niður og var því örugglega upp í 40-50 gráðu hiti alveg við malbikið. Mennirnir lögðu það út á stuttermabolunum.“ Tekur nú almennur frágangur og smáverk en göngin verða opnuð í lok næsta mánaðar. „Við eigum eftir að setja upp örlítið af rafmagnsbúnaði. Eftir prófanir á öllum öryggiskerfum, þrífa göngin og laga lítið til brunna,“ segir Einar. Áætlað var 12-13 þúsund tonn af malbiki hafi farið í Bolungarvíkurgöng.

Bolungarvíkurgöng eru 5,1 kílómetri að lengd og 8,7 metra breið. Áætlaður kostnaður við gerð þeirra er um fimm milljarðar króna. Eru þau byggð eftir norskum jarðgangastaðli. Er miðast við þúsund bíla umferð á sólarhring eftir nokkur ár en göngin leysa af hólmi þjóðveginn um Óshlíð sem lengi hefur þótt hættulegur vegna hættu á ofanfalli og öðrum þáttum.

**Mikill hiti myndaðist í göngunum á meðan malbikuninni stóð.**

# 25 ára gagnfræðingar

**Ísfirðingar, fæddir árið 1969, komu saman á Ísafirði um helgina til að minnast þess að aldarfjórðungur er liðinn frá því þeir útskrifuðust frá Gagnfræðaskóla Ísafjarðar. Dagskrá helgarinnar var þéttskipuð hjá hópnum. M.a. fóru þau í Safnahúsið á Ísafirði, fóru í ratleik og snæddu hjá Magnúsi Helgasyni í Tjöruhúsinu í Neðstakaupstað. Að sögn Gísla Úlfarssonar, verslunarmanns í Hamraborg, er stór hluti hópsins búsettur utan Ísafjarðar. 25 einstaklingar mættu að þessu sinni en hópurinn hefur verið duglegur að hittast. „Við hittumst nokkuð reglulega, eða á fimm ára fresti og vonandi hittumst við aftur að fimm árum liðnum,“ segir Gísli. –kristjan@bb.is**

# 3% ungmenna hafa prófað hass

Um 1% nemenda í 9. og 10. bekkjum í Ísafjarðarbæ reykja daglega. 6% nemenda í þessum bekkjum á landsvísu reykja daglega. Þetta kemur fram í könnun sem Rannsókn og greining gerði í mars um hagi og líðan unglinga í Ísafjarðarbæ.

Hlutfall ungmenna á þessum aldri sem sögðust hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftar mánuðinn áður en könnunun var framkvæmd, var einnig lægra en á landsvísu eða 2% á móti 10%. 3% nemenda í 9. og 10. bekk í Ísafjarðarbæ sögðust hafa notað hass einu sinni eða oftar um ævina en 5% á landsvísu.

# Sirrý ÍS með 1.700 tonn á einu ári

Línubáturinn Sirrý ÍS frá Bolungarvík hefur aflað vel á yfirstandandi fiskveiðiári en þessi 15 tonna bátur hefur komið með yfir 1.700 tonn að landi frá því 1. september 2009 af því er fram kemur á vefnum vikari.is. Báturinn landaði tæpum sjö tonnum á föstudag og komst þar með í 1.704 tonn, sem jafngildir rúmlega 140 tonnum á mánuði.

„Uppistaðan í afla bátsins hefur verið þorskur, ýsa og steinbítur og má ætla að þessi eini smábátur skili þjóðarbúinu hátt í einum milljarði í útflutningstekjur á ári hverju,“ segir á vikari.is.

*– kristjan@bb.is*

# Slökkviliðsmaður brenndist í ammoníaksleka

Ammoníaksleki kom upp í húsnæði Hraðfrystihússins Gunnvarar við Eyrargötu á Ísafirði um kvöldmatarleitið á föstudagskvöld. Slökkvilið Ísafjarðarbæjar brást fljótt við en slökkviliðsmaður og einn starfsmaður hússins brenndust vegna lekans. „Það lak úr tanki sem verið var að tappa undan olíu eða einhverju slíku. Þeir misstu þetta úr böndunum og það byrjaði að leka ammoníak,“ segir Þorbjörn Sveinsson slökkviliðsstjóri. Hann segir ammoníak vera hættulegt efni þar sem það er baneitrað og því verði að fara að með gát við meðhöndlun þess. Af því er líka mjög sterk lykt eins og flestir þekkja sem var áberandi í nágrenninu á meðan lekanum stóð.

„Það var erfitt að komast að þessu. Slökkviliðsmenn fóru í eiturefnabúning og einn af starfsmönnum hússins fylgdi með í einnota eiturefnabúning og eftir smá erfiðleika tókst þeim að skrúfa fyrir lekann. Að því loknu er ammoníakinu skolað niður með vatni en það brotnar upp í vatni,“ segir Þorbjörn. Slökkviliðsmaðurinn sem brenndist fékk aðhlynningu á Fjórðungssjúkrahúsinu en að sögn Þorbjörns heilsast honum vel í dag. Starfsmaðurinn brenndist ekki það illa að hann þyrfti að leita læknishjálpar.

*– thelma@bb.is*

**Gert að sárum slökkviliðsmannsins á vettvangi.**

**Samkaup úrval** góðir grannar

...sjá fleiri tilboð og uppskriftir á **samkaupurval.is**

Sparnaðartilboð helgarinnar **2. - 5. september**

**...sjá uppskrift: "Nautakjöt í kaffi- og piparlegi"**

~~3.498~~ **2.449** kr./kg

**Úrvals nautafilé með fitu**

úr kjötborði eða pakkað ferskt

50% afsláttur

~~498~~ **249** kr./kg

**Spergilkál**

hrein hollusta

~~699~~ **598** kr./pk.

**Rose "Hot og BBQ" vængir**

500 g

30% afsláttur

~~3.498~~ **2.449** kr./kg

**Úrvals nauta "Rib-Eye"**

úr kjötborði eða pakkað ferskt

~~1.845~~ **1.596** kr./kg

**Úrvals lambalærissneiðar**

úr kjötborði eða pakkaðar ferskar

35% afsláttur

~~1.373~~ **899** kr./kg

**Grillpylsur / grillpoki**

frá Ísfugli

30% afsláttur

~~1.798~~ **1.259** kr./kg

**Grísasnitsel í raspi**

fryst frá Kjötseli

**369** kr./stk. **419** kr./stk.

**Sharwood´s ilmandi indverskar kryddsósur**

korma, madras, tikka masala — mango chutney

**389** kr./pk. **359** kr./pk.

**Morgunkornið frá Coop**

Kornflex, Special, Honey Bees, 500 g

~~899~~ **739** kr./pk. ~~398~~ **299** kr./pk.

**Helen Harper bleiur** — **Johnson & Johnson blautklútar**

Bleiur: Litlar **22** stk., miðst. **30** stk., stórar **26** stk. — Blautklútar: **64** stk.

## ...einstök þjónusta **í góðum verslunum**

á Akureyri, Blönduósi, Bolungarvík, Borgarnesi, Dalvík, Egilsstöðum, Grundarfirði, Hafnarfirði, Húsavík, Ísafirði, Neskaupstað, Ólafsfirði, Selfossi, Siglufirði og Skagaströnd

P&Ó Birt með fyrirvara um prentvillur.

# Minningarsjóður um Margréti Oddsdóttur

Unnið er að stofnun Minningarsjóðs Margrétar Oddsdóttur. Ætlunin er að formlegur stofndagur verði 3. október en Margrét hefði orðið 55 ára þann dag. Sjóðnum er ætlað að styrkja skurðlækningar við brjóstakrabbameini við Landspítala. Að undirbúningi til stofnunar sjóðsins standa fulltrúar lækna og hjúkrunarfræðinga sem annast skurðmeðferð brjóstakrabbameins, fulltrúar Bætum ein-stök brjóst og ættingjar Margrétar. Nú er unnið að söfnun stofnframlaga. Margrét Oddsdóttir fæddist á Ísafirði 3. október 1955.

**Margrét Oddsdóttir.**

Margrét var alþjóðlega mikilsvirtur skurðlæknir, einkum sem brautryðjandi í kviðsjáraðgerðum og skrifaði m.a. um slíkar aðgerðir í eina þekktustu kennslubók í skurðlækningum sem gefin er út. Margrét starfaði sem sérfræðilæknir á Landspítala frá 1994 til dauðadags. Hún var ráðinn fyrsti yfirlæknir að skurðlækningadeild Landspítalans 2003 eftir sameiningu allra skurðlækningadeilda sjúkrahússanna í Reykjavík. Margrét lést úr brjóstakrabbameini 9. janúar 2009.

Lífslíkur kvenna með brjóstakrabbamein hafa batnað mikið síðastliðna áratugi. Vegna þess hve lífslíkur eru góðar er vaxandi áhersla skurðmeðferðar lögð á lífsgæði krabba-meinsgreindra kvenna, m.a. með endursköpunaraðgerðum á brjóstum á sérhæfðum brjóstamiðstöðvum. Skurðmeðferð hefur því orðið umfangsmeiri, þar sem oft fer saman aðgerð til lækningar á krabbameini og aðgerð til að leiðrétta það lýti sem krabbameinsaðgerðin veldur. Ör þróun innan þessa sviðs kallar á meiri og betri aðstöðu fyrir bæði sjúklinga og meðferðarliða. Hlutverk Minningarsjóðs Margrétar Oddsdóttur er að styðja og styrkja þessa starfssemi.

Þau sem vilja veita þessu málefni lið, með því að gerast stofnaðilar að sjóðnum og heiðra minningu Margrétar með framlagi er bent á að kennitala sjóðsins er 700410-1610 og reikningsnúmer 0130-15-381828.

Frekari upplýsingar um sjóðinn má fá hjá Þorvaldi Jónssyni dr.med. í síma 824-5592 eða í gegnum netfangið *thorvjo@landspitali.is* eða Magdalenu Sigurðardóttur í síma 456-3398. Einnig á vefnum brjóst.is þar má einnig finna skipulagsskrá sjóðsins.

*– thelma@bb.is*

**Ísfirðingar fæddir árið 1946 fögnuðu því að 50 ár eru liðin frá fermingu þeirra.**

# Fögnuðu hálfrar aldar fermingarafmæli

Árgangur 1946 á Ísafirði fagnaði því á laugardag að 50 ár eru liðin frá fermingu hans. „Hópurinn hittist í Tjöruhúsinu í Neðstakaupstað í hádeginu á laugardag og gæddi sér á ljúffengri fiskisúpu. Síðan fórum við að skoða hvar peningarnir verða til en Ómar Ellertsson skipstjóri sýndi okkur Júlíus Geirmundsson og hvernig vinnslan fer fram um borð og Jón Guðbjartsson sýndi okkur rækjuverksmiðjuna Kampa sem er eitt af stærstu fyrirtækjum bæjarins,“ segir Ásgerður Annasdóttir ein af fermingarafmælisbörnunum.

Hún segir mikla ánægju hafa verið meðal fólks að sjá hvernig starfsemi fer fram á þessum vinnustöðum. Að því loknu fór hópurinn og skoðaði Grunnskólann á Ísafirði. Síðan var farið í Edinborgarhúsið í kaffi og svo fékk fólk sér kríu áður en haldið var í Arnardal í kvöldverð. „Allir fóru svo heim á sunnudag, glaðir og sælir með endurfundina,“ segir Ásgerður.

Að sögn hennar var mæting þokkaleg eða á að giska um 60% árgangsins. Taldi hópurinn 55 manns með þeim mökum.

## 250 leikskólabörn

Rúmlega 250 börn stunda nám í sex leikskólum Ísafjarðarbæjar. Flest eru í stærsta byggðakjarnanum á Ísafirði, eða 166 börn. Flest þeirra eru í yngsta árgangnum 2009 eða 38 en fæst eru fædd árið 2006 eða 28.

Í Hnífsdal ganga 22 börn í leikskóla, á Suðureyri eru 35 leikskólabörn, fimmtán á Þingeyri og fjórtán á Flateyri. Er börnum í byggðakjörnunum fjórum skipt nokkuð jafnt milli ára en þó eru fæst fædd árið 2008 eða sjö. Tölurnar miðast við 1. janúar 2010.

*– thelma@bb.is*

## Jamie tekur við

Blakfélagið Skellur á Ísafirði hefur gengið frá ráðningu á nýjum aðalþjálfara fyrir félagið. Um er að ræða Jamie Landry frá Bandaríkjunum en hún tekur við af Hörpu Grímsdóttur sem verið hefur aðalþjálfari félagsins síðustu sex ár.

Jamie hefur búið á Ísafirði um eins árs skeið en hún æfði blak með meistaraflokknum síðasta vetur og þjálfaði yngri flokka félagsins í afleysingum. Jamie verður spilandi þjálfari líkt og forveri hennar og þjálfar bæði meistaraflokk og yngri flokka. Þorgerður Karlsdóttir mun halda áfram að þjálfa yngri flokkana.

## Stefnir í betri aðsókn

Um 8.500 gestir hafa heimsótt Byggðasafn Vestfjarða í Neðstakaupstað það sem af er sumri og er mikill meirihluti þeirra útlendingar, eða um 80%. „Það hefur verið góð aðsókn í sumar og stefnir í að hún verði betri en síðasta sumar,“ segir Björn Baldursson, safnvörður á Byggðasafni Vestfjarða.

Hann segir ennþá mikinn straum fólks liggja að safninu en flestir erlendir gestir safnsins eru farþegar skemmtiferðaskipa sem heimsækja Ísafjörð. Enn eiga þrjú skip eftir að koma áður en að safnið lokar.

## Læra sund í Bolungarvík

Leitað hefur verið eftir því að nemendur Grunnskólans í Súðavík fái sundkennslu í Bolungarvík á komandi skólaári. Á fundi fræðslunefndar Súðavíkur fór skólastjóri fór yfir málefni sundkennslunnar þar sem fram kom að ekki hefur gengið að fá tíma í Sundhöll Ísafjarðar sem hentar nemendum skólans.

Íþróttakennsla og þjálfun fer fram í íþróttahúsi Súðavíkur sem er samtengt skólabyggingunni. Sundkennslan fer því fram í Bolungarvík einu sinni í viku, tvo tíma í senn, fyrir áramót en engin sundkennsla verður eftir áramót.

*– thelma@bb.is*

## Saga MÍ kemur í október

Saga Menntaskólans á Ísafirði, sem unnið hefur verið að síðan haustið 2007, og gefin verður út í tilefni af 40 ára afmæli skólans, er komin í prentun.

Útgáfudagur hefur verið ákveðinn 2. október nk., en þá verður haldin sérstök afmælishátíð í tilefni þess að skólinn var settur í fyrsta sinn 3. október 1970. Skipulag afmælishátíðarinnar er í höndum sérstakrar nefndar sem skipuð er stjórnendum skólans, kennurum og nemendum.

## Arnar Smári fór holu í höggi

Arnar Smári Ragnarsson kylfingur úr Bolungarvík fékk draum allra golfara uppfylltan á föstudag þegar hann fór holu í höggi á 9. braut á golfvelli GKG (Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar).

Smári notaði 7 járn á holunni sem er 147 m löng. Greinilegt að karlarnir í Víkinni eru að læra að miða. Þess má einnig geta að nú hafa fjórir kylfingar úr Golfklúbbi Bolungavíkur skráð einn við holu í skorkort sitt á rétt rúmu ári.

*– bb@bb.is*

# Tilboð!

# Keyptu tvö blekhylki og fáðu **frían Pennapappír!**

Tilboðið gildir til 15.09.10

Eitt búnt af Fjölnotapappír frá Pennanum fylgir ef keypt eru tvö blekhylki af hvaða gerð sem er.

Hafðu samband við fyrirtækjaþjónustu Pennans í síma 456-3123 eða komdu við í verslun okkar Hafnarstræti 2, Ísafirði.

PENNINN

Með þér í vinnunni

www.penninn.is | pontun@penninn.is

**Fjölmenni var við skólasetningu Menntaskólans á Ísafirði.**

# Menntaskólinn settur í 41. sinn

Menntaskólinn á Ísafirði var settur í 41. sinn í síðustu viku. Skráðir nemendur við skólann eru 308 þar af eru nýnemar 77 eða tíu færri en við upphaf síðasta skólaárs. „Það ríkir ávallt nokkur eftirvænting meðal stjórnenda og kennara að sjá hvernig nýnemar skiptast á námsbrautir. Skólinn býður upp á afar fjölbreytt námsframboð eins og mörg undanfarin ár og ættu flestir að geta valið nám við hæfi,“ sagði Jón Reynir við skólasetninguna. Flestir nýnemar sækja í náttúrufræðibraut eða 31. Nítján nýnemar eru skráðir á félagsfræðibraut og 14 eru skráðir á almenna námsbraut. Í grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina eru fjórir skráðir, þrír nýnemar eru skráðir í grunnnám málmiðngreina og þar af einn í grunnnám bíliðna. Í vélstjórnarnámi eru fjórir nýnemar skráðir. Fram kom í skýrslu skólameistara að athyglisvert er að einungis 17% nýnema velja verknámsbrautir.

Á heimavist skólans verða tólf nemendur sem er svipaður fjöldi og á síðasta ári. Þá voru allar fartölvur sem nemendur höfðu á leigu innkallaðar og þær yffirfarnar. Í stað þess að nemendur leigi fartölvurnar og hafi þær með sér heim eins hefur tíðkast verða fartölvurnar hafðar til taks fyrir nemendur skólans í kennslustundum. „Með þessu fyrirkomulagi minnkar verulega viðhald og kostnaður vegna þjónustu við nemendur,“ sagði Jón Reynir.

„Menntaskólinn á Ísafirði hefur í þessi 40 ár margþætt áhrif í okkar samfélagi og skiptir miklu að hann geti veitt þá þjónustu sem vænst er af honum. Gott starfsfólk er undirstaða að velgengni stofnana og fyrirtækja. Menntaskólinn á Ísafirði er skipaður góðu starfsfólki og kennurum sem eru metnaðarfullir og áhugasamir um að veita nemendum sem besta þjónustu,“ sagði Jón Reynir m.a. við skólasetninguna.

## Spurningin

**Vilt þú aðskilnað ríkis og kirkju?**

**Alls svöruðu 356.**
**Já sögðu 270 eða 76%**
**Nei sögðu 86 eða 24%**

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

## Helgarveðrið

**Horfur á föstudag:** Suðlæg átt og úrkoma sunnan- og vestanlands, en hægari vindi Norður- og Austurlandi. Hiti breytist lítið. **Horfur á laugardag:** Útlit fyrir suðaustanátt og bjartviðri á Norður- og Austurlandi, en annars staðar skýjað og úrkomulítið. Hlýtt í veðri. **Horfur á sunnudag:** Austlæg átt og úrkoma SA-lands, en skýjað annars staðar. Áfram hlýtt í veðri.

Ritstjórnargrein

# Gamli bærinn

Í Linkjöbing, einum vinabæja Ísafjarðarbæjar, tala menn um ,,gamla bæinn,“ ákveðinn hluta bæjarins þar sem lögð hefur verið áhersla á að viðhalda útliti gamalla húsa og heildarmynd hverfisins, þótt sitthvað kunni að hafa tekið samávægilegum breytingum innandyra til að auðvelda íbúum dvölina. Grjótaþorpið í Reykjavík er gott dæmi um velheppnaða varðveislu fyrri tíma húsakosts. Í báðum þessum tilfellum er ekki verið að tala um söfn þar sem gamli tíminn er ,,til sýnis“ heldur samastað fólks, þar sem mannlífið heldur áfram líkt og það hefur gert í áranna rás. Söfn eru til varðveilsu muna, ekki geymslu á fólki. Því getur hins vegar liðið ákaflega vel í gömlum húsum ef það nýtur  þeirra þæginda sem nútíminn kallar eftir.

Gamla Apótekið á Ísafirði, sem dæmt hafði verið ónýtt, hefur fyrir tilstilli framsýnna, dugandi manna gengið í endurnýjun lífdaga og er nú þvílík bæjarprýði að eftirtekt vekur. Segja má að þar hafi verið unnið björgunarafrek. Vissulega hefði verið eftirsjá í húsinu, eins og það blasir nú við, í upprunalegu horfi. Apótekið er fyrirmynd hvernig standa ber að endurnýjun gamalla húsa. Slíkum verkum ber að halda áfram í samstarfi bæjaryfirvalda og eigenda þeirra húsa, sem fengur er í að varðveita. Fyrir hinu má ekki loka augum að víða eru húsarifrildi, sem einu sinni þóttu nýtileg, en hlutverki þeirra nú lokið.

Í tengslum við aðalskipulag Ísafjarðarbæjar fyrir árin 2008 – 2020 er talið að hagkvæmasti kosturinn hvað varðar aukið íbúðarhúsnæði sé þétting byggðar á eyrinni. Þá hefur komið fram af hálfu bæjaryfirvalda að markvisst verði unnið að því að yfirbragð miðsvæðis bæjarins verði líkast því sem það var á fyrsta hluta tuttugustu aldar.

Enginn vafi er á því að ,,hin nýja Eyri við Skutulsfjörð“ og er þá átt við þá miklu stækkun sem orðið hefur á bæjarstæðinu, getur tekið við umtalsverðri fólksfjölgun. Leggja ber metnað í að nýta landvinninginn til fulls og gera það með þeim hætti að vel fari saman gamalt og nýtt. Útlit nýrra húsa þarf að falla sem best að gerð húsa sem fyrir eru, þannig að heildin raskist ekki um of.

Safnahúsin í Neðstakaupstað draga að sér ferðamenn. Þar er af að státa einstakri húsasamstæðu fyrri tíma. Þar verður að horfa fram á veginn, ætla nægilegt svigrúm fyrir þær safnabyggingar, sem eiga eftir að rísa. Satt best að segja er dapurlegt að Byggðasafnið skuli enn bak við lás og slá á Sundhallarloftinu, þar á meðal líkanið af hinni fornu Eyri við Skutulsfjörð frá því er Ísafjarðarkaupstaður fékk kaupstaðarréttindi 1866. Vonandi rætist úr í þeim efnum strax og betur árar.

Á hinni nýju Eyri við Skutulsfjörð þarf ferðalangurinn að geta eigrað milli gamla og nýja tímans eftir því í hvorn fótinn hann stígur, frjálslega orðað.

*s.h.*

**Útgefandi:** Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is.* **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir,  símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is,* Kristján Einarsson, símar 456 4560 og  848 3403, *kristjan@bb.is.* **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega.  Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

# Rekstrarkostnaður undir meðallagi

Rekstrarkostnaður allra grunnskóla Ísafjarðarbæjar var undir meðaltali í Skólavoginni. Kostnaður Grunnskólans á Ísafirði á hvern nemanda var 647.779 krónur árið 2008 sem er töluvert undir meðaltali skóla af sömu stærð sem er 705.625 krónur. Kostnaður Grunnskólans á Suðureyri var 1.079.575 krónur en meðaltalið fyrir skóla með 0-50 nemendur var 1.254.118 krónur. Í Grunnskólanum á Þingeyri var kostnaður á nemenda 1.001.582 krónur og 1.244.467 krónur í Grunnskóla Önundarfjarðar. Fræðslunefnd fagnaði því er hún fór yfir niðurstöður Skólavoginnar hversu vel skólarnir eru reknir. Í Skólavoginni kom jafnframt fram að litlar eða engar framfarir höfðu orðið hjá nemendum í stærðfræði í samræmdum prófum miðað við þrjú ár á undan.

Fræðslunefnd benti á að slakur árangur barna í stærðfræði er mikið áhyggjuefni. Því vill fræðslunefnd fela starfsmönnum Skóla- og fjölskylduskrifstofu að koma með hugmyndir og kostnaðaráætlun á næsta fund fræðslunefndar um myndun rýnihóps sem fer í að skoða markvisst stærðfræðikennslu skólanna og gerir umbótaáætlun í framhaldinu.

Skólavogin er tilrauna- og þróunarverkefni á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í verkefninu er gerður kerfisbundinn samanburður á lykiltölum vegna grunnskólahalds. Markmiðið er að stuðla að bættri þjónustu og gera skólum kleift meta eigin frammistöðu. *– thelma@bb.is*

# Auðunn til liðs við Golfklúbb Ísafjarðar

Ísfirski kylfingurinn Auðunn Einarsson er genginn til lið við Golfklúbb Ísafjarðar eftir áratugar fjarveru. „Ég mun keppa undir merkjum klúbbsins. Reyndar er ég hættur að keppa af alvöru og spila því og keppi bara mér til ánægju. Svo verð ég klúbbnum til þjónustu reiðubúinn þegar á þarf að halda," segir Auðunn.

**Auðunn Einarsson.**

Hann var í Golfklúbbnum Keili þar til hann flutti til Ástralíu fyrir rúmu einu og hálfu ári. Þar sem hann er PGA golfkennari þarf hann að vera að skráður í klúbb á Íslandi.

„Það kom í raun lítið annað til greina en að koma í Golfklúbb Ísafjarðar. Heima er best og það er góð tilfinning að vera kominn aftur. Svo eru það forréttindi að spila á þessum velli. Það er aðdáunarvert hvað búið er að gera mikið við völlinn en hann er alltaf að taka framförum og er klár með topp 9 holu völlum landsins."

*– thelma@bb.is*

**Sorpbrennslustöðin Funi.**

# Útboð vegna sorphirðu tilbúið

Útboð vegna sorphirðu og -förgunar í Ísafjarðarbæ er tilbúið eftir langa meðgöngu. Samkvæmt útboðsgögnum er gert ráð fyrir urðun og stóraukinni flokkun en einnig er möguleg að engu tilboði verði tekið og að sorpbrennslustöðin Funi verði endurbyggð. Útboðið bíður samþykki bæjarstjórnar sem fundar í þessari viku. Kristín Hálfdánsdóttir, formaður nefndar um sorphirðu, segir í samtali við ruv.is, að draumurinn sé að stórauka flokkuns sorps og vernda þannig umhverfið. Til skoðunar sé að útbúa umbunarkerfi sem ívilni þeim sem standa við vel í flokkuninni.

Sá hluti sorps sem ekki er flokkaður verður urðaður. Fyrst um sinn verður urðað að Klofningi í Önundarfirði en hafin er leit að nýjum urðunarstað innan bæjarmarkanna. Nefndin hefur óskað eftir því að kostnaður við endurbyggingu sorpbrennslustöðvarinnar Funa verði reiknaður upp á nýtt. Þegar tilboð í sorphirðuna og -förgunina verða opnuð, verður ekki einungis tekin afstaða til tilboðanna, heldur einnig til þess hvort sorpbrennslustöðin verði endurbyggð. Mikil mengun er frá sorpbrennslustöðinni Funa sem er löngu úr sér gengin. Frestur til úrbóta rann út í gær. Ísafjarðarbær hefur óskað eftir því við Umhverfisstofnun að frestur verði framlengdur um sex mánuði.

*– kristjan@bb.is*

# Starfsemi lífeyrissjóðanna rannsökuð

Rannsóknarnefnd skipuð af ríkissáttasemjara mun framkvæma úttekt á fjárfestingastefnu, ákvarðanatöku og lagalegu umhverfi lífeyrissjóðanna í aðdraganda bankahrunsins haustið 2008. Gert er ráð fyrir því að nefndin ljúki störfum með útgáfu skýrslu til stjórnar Landssamtaka lífeyrissjóða fyrir árslok 2010. Þetta kemur fram á heimasíðu landssamtakanna. Stjórn og varastjórn Landssamtaka lífeyrissjóða ákvað á fundi sínum í lok júní að fara þessa leið og var ríkissáttasemjara falið að tilnefna þrjá einstaklinga í nefndina.

Ríkissáttasemjari ákvað að verða við þessari ósk landssamtakanna og hefur tilnefnt eftirtalda einstaklinga til setu í umræddri nefnd: Hrafn Bragason, lögfræðing og fyrrverandi hæstaréttardómara, sem verður formaður nefndarinnar, Guðmund Heiðar Frímannsson, siðfræðing og prófessor við Háskólann á Akureyri og Katrínu Ólafsdóttur, hagfræðing og lektor við Háskólann í Reykjavík. Nefndin hefur ráðið Kristján Geir Pétursson, lögfræðing, sem starfsmann nefndarinnar.

*– thelma@bb.is*

Þökkum auðsýnda vináttu
og samúð við andlát og útför

**Þórðar Ingólfs Júlíussonar**
**Vinaminni, Hnífsdal**

Ásthildur Cesil Þórðardóttir
Jón Ólafur Þórðarson
Hjalti Þórðarson
Gunnar Þórðarson
Halldóra Þórðardóttir
Sigríður Þórðardóttir
Inga Bára Þórðardóttir
Elías Skaftason
Bjarnveig Bjarnadóttir
Guðbjörg K. Ólafsdóttir
Kristín Hálfdánsdóttir
Sævar Óli Hjörvarsson
Ragnar Haraldsson
Jón Heimir Hreinsson
barnabörn og barnabarnabörn.

# Skólamjólk hækkar í verði

Skólamjólk hefur hækkað um 28% milli ára hjá Grunnskólanum á Ísafirði eða úr 25-32 krónur. „Við höfum ekki hækkað mjólkina í nokkur ár en getum ekki lengur haldið verðinu óbreyttu. Verðið á mjólkinni núna frá MS er 31.20 kr. fernan og er miðað við það verð," segir Sveinfríður Olga Veturliðadóttir skólastjóri GÍ. Nemendum er boðið að vera í mjólkuráskrift frá 1. bekk og upp úr. Mjólkurneysla barna og unglinga hefur dregist verulega saman víða um heim á síðustu árum, þar á meðal hér á landi. Hart er sótt að mjólkinni og mikið drukkið af alls kyns söfum og gosdrykkjum.

Mjólk er mjög próteinrík og auk þess mikilvæg uppspretta ellefu lífsnauðsynlegra vítamína og steinefna í fæðunni. Sérstaða mjólkur felst þó fyrst og fremst í því hve góður kalkgjafi hún er, en kalk er mjög mikilvægt fyrir byggingu beina. Vart er hægt að hugsa sér betri og næringarríkari drykk en mjólk til að gefa börnum sínum og unglingum og full ástæða til að hvetja þau til að auka mjólkurneyslu sína.

*– thelma@bb.is*

# Við getum þetta og við gerum þetta

Kristinn H. Gunnarsson hefur marga fjöruna sopið í pólitíkinni. Enda þótt hann sé hættur þingmennsku, að minnsta kosti að sinni, er hann óþreytandi baráttumaður fyrir hagsmunum Vestfirðinga. Hann hefur sterkar og mótaðar skoðanir á því sem færa mætti til betri vegar í þeim efnum. Þar á meðal vill hann að Vestfirðingar njóti sjálfir arðsins af hinum ríkulegu fiskimiðum sínum. Í þessu spjalli gerir hann grein fyrir hugmyndum sínum í þeim efnum, sem og ýmsum öðrum.

„Það sem ég er fyrst og fremst að velta fyrir mér um þessar mundir er hvernig Vestfirðingar geta spilað úr þeirri stöðu sem upp er komin, hvernig þeir geta notað þau tækifæri sem eru framundan. Þá er ég annars vegar að hugsa um sérstakt stjórnlagaþing sem á að endurskoða stjórnarskrá Íslands á næsta ári. Hins vegar er endurskoðun á löggjöf um stjórn fiskveiða í gangi. Nefnd sem vinnur að þeirri endurskoðun skilar af sér næstu daga og eftir það tekur við ferli innan stjórnmálaflokkanna og síðan umræða á Alþingi um nýja löggjöf. Veturinn eða jafnvel næsta ár framundan mun fara í umræður um þetta tvennt. Annars vegar um nýja stjórnarskrá eða hverju menn vilja breyta í henni og hins vegar um fiskveiðistjórnunarkerfið. Bæði þessi mál eru þess eðlis, að skynsamlegar breytingar geta breytt stöðu Vestfirðinga til hins betra, eftir tveggja áratuga samfellt undanhald.

Ef við lítum á stjórnarskrármálið verðum við að skoða það sérstaklega út frá hagsmunum Vestfirðinga. Við vitum að stjórnvöld hafa áhuga á því að sameina stór landsvæði í eitt sveitarfélag eða eina stjórnsýslueiningu og í síðustu viku ítrekaði samgönguráðherra þessi áform. Þar er gert ráð fyrir að Vestfirðir verði eitt sveitarfélag. Út af fyrir sig er ekkert fráleitt að hugsa sér að Vestfirðir yrðu slík eining, en að óbreyttum aðstæðum er það fráleitt. Með ákveðnum breytingum gæti það orðið ávinningur. Kannski ættum við að velta því fyrir okkur hvaða atriði það væru sem myndu breyta stöðunni til hins betra fyrir Vestfirðinga og færa þá til jafns við aðstæður fólks á höfuðborgarsvæðinu.“

## Lífskjörin á Vestfjörðum hafa verið fyrnd

„Þróunin síðustu tvo áratugi hefur verið þannig, að lífskjör á Vestfjörðum hafa verið fyrnd um fjórðung. Það hefur leitt til þess að menn hafa líka fyrnt íbúafjöldann um fjórðung. Svo mikið hefur fólki hér fækkað. Við sjáum ekki fram á annað en óbreytta þróun, að hér haldi fólki áfram að fækka á næstu tuttugu árum um annan fjórðung eða um fimmtíu prósent á fjörutíu árum. Hættan á því að einstök byggðarlög falli saman á einhverjum tímapunkti fer vaxandi eftir því sem þetta gengur lengur eftir. Þetta er auðvitað óviðunandi og það er óþarfi, vegna þess að aðstæður hér eru þess eðlis að fólk sem býr á þessu landsvæði á að geta haft það jafn gott og fólk sem býr annars staðar á landinu.

Það eru mannanna verk sem leiða til þessarar öfugþróunar. Þess vegna er ástæða til að spyrna við fótum og knýja á um breytingar, vegna þess að við getum breytt. Einbeittur vilji, styrkur og góð samstaða er það sem þarf. Fyrst og fremst er þar um að ræða breytingar á lögum. Þetta er ekki óumbreytanlegt náttúrulögmál.“

## Landsbankinn hrundi

„Fyrir fáum árum aðstoðaði ég fólk í nokkrum þorpum á Vestfjörðum. Viðskiptabankarnir neituðu að lána til kaupa á íbúðarhúsnæði. Í Landsbankanum fékk ég þau svör að það væri engin framtíð í þessum þorpum. En þrátt fyrir allt standa þorpin ennþá en Landsbankinn er hruninn. Gleymum þessu ekki þegar við horfum til framtíðar. Hún er í okkar höndum og þarf ekki að verða framlenging á fortíðinni.

Ekki er nóg með að lífskjör á Vestfjörðum hafi rýrnað um fjórðung miðað við meðaltekjur fólks á höfuðborgarsvæðinu. Verðmæti fasteigna hefur jafnframt hríðfallið. Allt er þetta tengt breytingum í atvinnumálum. Þar er fyrst og fremst um að ræða breytingar í sjávarútvegi, brottflutning kvóta, sem flytur burtu störf, tekjur og tækifæri og afl í fyrirtækjunum frá okkur til fyrirtækja á öðrum landsvæðum. Mér finnst að Vestfirðingar eigi að segja sem svo: Við ætlum ekki að sætta okkur við þessa þróun.“

## Fiskimið Vestfirðinga

„Fiskimiðin eru hér undan Vestfjörðum og hafa verið það alla tíð. Það hefur ekkert breyst. Þau verða hér áfram um ókomna tíð. Ég er með tölur um veiðar á Vestfjarðamiðum og Breiðafjarðarmiðum frá árunum 1991 til 2005. Þá er ég að tala um svæðið frá Snæfellsnesi og norður um allt að Geirólfsgnúpi. Á þessu fimmtán ára tímabili voru veidd að meðaltali á ári 60 þúsund tonn af þorski. Það er þriðjungur af öllum þorskafla hér við land á tímabilinu. Meðalveiðin á ýsu á þessu svæði á tímabilinu er 12 þúsund tonn á ári eða um fjórðungur af ýsuafla landsmanna.

Það eru mikil verðmæti fólgin í þessu. Ef séð verður til þess að tekjurnar af fiskinum sem veiddur er á þessu svæði verði til þess að styrkja þetta sama svæði, þá erum við á grænni grein. Þetta þarf ekki að vera neitt flókið. Við getum gert mönnum, hvaðan svo sem þeir koma hingað til að veiða, að greiða fyrir veiðarnar. Ríkið tæki tekjur af sölunni með svipuðum hætti og útgerðarmenn hafa sjálfir verið að ákvarða sín í milli með því að einn borgar öðrum fyrir kaup á kvóta eða leigu á kvóta. Við myndum bara miða við það verð sem útgerðarmenn hafa sjálfir búið til. Þessum tekjum yrði síðan skipt til helminga milli ríkisins og svæðisins sjálfs.

Ef við miðum við þá verðlagningu á kvóta sem uppi hefur verið á þessu ári, þá myndu tekjur af öllum fiskveiðum á svæðinu, ekki bara þorski og ýsu heldur einnig steinbít og öðrum tegundum sem veiddar eru, vera um það bil 20 milljarðar króna á ári. Þetta er það sem útgerðarmenn eru í dag að borga hver öðrum fyrir að fá að veiða fiskinn. Sumir borga það með því að taka kvótann á leigu, aðrir með því að kaupa kvóta og borga hann svo kannski á mörgum árum eins og gengur. En þetta er verðlagning sem þeir hafa sjálfir ákveðið. Þess vegna er það raunhæft mat á því gjaldi sem útgerðarmenn framtíðarinnar geta greitt og munu greiða fyrir að fá að veiða þetta magn af fiski á þessu svæði, um 20 milljarðar króna á ári. Skiptum því milli ríkisins og svæðisins til helminga og þá koma 10 milljarðar króna í hlut okkar Vestfirðinga og Snæfellinga.“

## Arðurinn af auðlindunum

„Ef þetta gengi eftir yrði engum vanda bundið að skapa íbúum þessa landsvæðis góð lífskjör, rétt eins og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa getað búið sínum íbúum eftirsóknarverð lífskjör. Gleymum því ekki að sterkasta tromp Reykjavíkurborgar til að skapa góðan kaupmátt á höfuðborgarsvæðinu er nýting jarðhitans. Allur ávinningur af nýtingu auðlindarinnar er nýttur í þágu þeirra sem þar búa. Engu af ávinningnum er deilt út til annarra landsmanna. Því finnast mér það sanngjarnar hugmyndir varðandi nýtingu fiskimiðanna að skipta ávinningnum til helminga milli ríkisins og íbúa viðkomandi svæðis.

Í dag er krafan eðlilega að nota auðlindir eins og jarðhitann og rennandi vatn til þess að styrkja byggð þar sem auðlindirnar eru. Þar má nefna Austfirði og Kárahnjúkavirkun, Reykjanesskagann og Helguvík og Þingeyjarsýslurnar og Húsavík, að ekki sé talað um Suðurlandið. Auðvitað á sama stefna að gilda um ráðstöfun á arðinum af nýtingu þessara auðlinda og ég er að tala um varðandi um fiskimiðin.“

## Skaðabætur frá ríkinu?

„Það eru mikil afglöp hjá stjórnvöldum síðustu tvo áratugina að viðhafa löggjöf um nýtingu fiskimiðanna sem hefur svo hroðalega skaðað fólk víða um land. Það er full ástæða fyrir Vestfirðinga, sérstaklega þar sem þeir hafa hvað mest orðið fyrir barðinu á kvótaframsali, að setjast niður og leggja mat á tjónið sem þeir hafa orðið fyrir vegna framsalsins. Þeir mættu velta því fyrir sér hvort ekki væri rétt að fara fram á skaðabætur úr hendi ríkisins fyrir það tjón sem íbúarnir, atvinnufyrirtækin og sveitarfélögin hafa orðið fyrir á þessum tuttugu árum sem framsalið hefur verið við lýði. Það yrðu væntanlega háar fjárhæðir sem kæmu út úr því.

Vestfirðingar og aðrir eiga ekkert að láta fara svona illa með sig eins og raun hefur orðið. Við eigum einfaldlega að vera kokhraustir og segja: Við viljum breyta leikreglunum þannig að fiskimiðin hér fyrir utan Vestfirði verði nýtt eins og verið hefur en tekjur af veiðunum renni heim í hérað að hálfu á móti ríkinu. Jafnframt gerum við kröfu um skaðabætur fyrir það tjón sem ólög hafa valdið Vestfirðingum, og reyndar fleirum út um landið. Við viljum stjórnarskrá sem tryggi okkur þetta og með þannig stjórnarskrá viljum við vera hluti af þessu landi, fullgildir þegnar jafnfætis öðrum þegnum landsins. Á móti skulum við stjórna okkur sjálfir í auknum mæli, vera eitt sveitarfélag og taka að okkur að sjá um vegaframkvæmdir í fjórðungnum og borga þær með þessum tekjum sem við fáum.“

## Hugmyndirnar eru raunhæfar

„Einhverjir kunna að spyrja hvort þessar hugmyndir um að Vestfirðingar fái tekjur af nýtingu fiskimiðanna séu raunhæfar. Ég segi: Já, þær eru raunhæfar og í samræmi við það sem almennt gerist. Löggjöfin á að grundvallast á almennum leikreglum og afnema sérlausnir sem hafa þann eina tilgang að fá okkur til að una ósanngjarnri og óréttlátri löggjöf sem þjónar sérhagsmunum. Smábátaveiðar, byggðakvóti og strandveiðar eru villuljós sem

draga athyglina frá meinvarpinu sjálfu og verja það. Það sem er að drepa hinar rótgrónu atvinnugreinar er að ekki er horft á almenna hagsmuni. Svo verður óánægja og þá er enn gripið til sérlausna til að friða menn. Almenn löggjöf sem horfir á almenna hagsmuni er það besta fyrir Vestfirðinga. Þá stöndum við uppréttir gagnvart hverjum sem er og eflumst á eigin dugnaði og forsendum.

Menn kunna að spyrja hvernig eigi að ná breytingunum fram. Munum hið fornkveðna að með lögum skal land byggja en með ólögum eyða. Og ólög eru ekki til þess að hlíta þeim heldur að brjóta þau á bak aftur og Vestfirðingar hafa til þess fullan rétt. Vestfirðingar þurfa bara að átta sig á stöðunni eins og hún er, hvað hún er í raun og veru góð og hvað við eigum mikla möguleika og sterka stöðu. Við eigum að standa uppréttir og segja: Við eigum rétt á þessu, við getum þetta og við gerum þetta.

Við beitum ekki valdi til þess að ná okkar fram, en við hlítum ekki ólögum og nýtum því miðin fyrir utan byggðirnar ef því er að skipta. Ef samstaða er heima í héraði eru stjórnvöld varnarlaus og geta ekki annað en fallist á sanngjarnar lausnir.

Hvað ættu stjórnvöld þá að gera? Senda á okkur lögregluna fyrir að nýta það sem er við bæjardyrnar hjá okkur? Það var ráðist í fyrra á Alþingi, ríkisstjórnin hrakin frá völdum og ráðist inn í húsakynni lögreglunnar í Reykjavík og það var látið viðgangast. Vegna þess að óréttlætið og vanmátturinn var slíkur að almenningi var ofboðið. Sama á við um hér. Vestfirðingum er fyrir löngu ofboðið og allar viðhorfskannanir hafa um langt árabil sýnt að almenningi um allt land er ofboðið. Vestfirðingar eiga ekkert að láta binda sig lengur á höndum og fótum.“

## Vestfirðingar annist vegamálin sjálfir

„Undanfarið ár hef ég unnið að því ásamt öðrum að auka samstöðuna um samgöngubætur milli byggðarlaga á Vestfjörðum eða milli norður- og suðursvæðis Vestfjarða og um Barðastrandarsýslur og vinna fylgi fyrir fjárveitingum hjá stjórnvöldum. Í vor stóð til að slá Dýrafjarðargöng út af borðinu en því tókst að afstýra og gögnin eru enn inni á samgönguáætlun.

Framkvæmdirnar kosta auðvitað mikið fé og ríkið ber því við að það séu ekki til peningar. Ég segi á móti: Það eru til peningar og Vestfirðingar eiga þá sjálfir. Á þeim forsendum sem ég var að lýsa getum við bara tekið þetta að okkur sjálfir. Við getum gert það á móti því að taka þessa tekjustofna.“

## Vestfirskt stjórnlagaþing

„Við Vestfirðingar eigum að halda okkar eigið stjórnlagaþing. Fjórðungssamband Vestfirðinga er með fund núna í byrjun september og ég skora á vestfirska sveitarstjórnarmenn að taka forystu í þessum málum og beita sér fyrir almennum þjóðfundi á Vestfjörðum þar sem hver maður fær að mæta. Það yrði upphafið að okkar stjórnlagaþingi og þar yrðu ræddar þessar hugmyndir og aðrar sem menn vilja leggja fram.

Við vitum til hvers aðgerðaleysið leiðir. Það merkir ekkert annað en áframhaldandi undanhald og slíkt er óviðunandi.“

## Sérhagsmunaflokkar

– Ertu búinn að finna þér stað í pólitíkinni á ný?

„Nei, ég er ekki búinn að því. Það er mikill órói í stjórnmálunum og óljóst hvert þau eru að þróast. Það er finnanlegt eitthvað gott í öllum flokkum en í þeim öllum er líka ýmislegt sem er ekki áhugavert. Á næstu einutveimur árum munu flokkarnir vonandi endurskoða hlutverk sitt í stjórnmálum. Ég held að það sé óhjákvæmilegt. Þeir eru ekki að svara nógu vel almennu kalli kjósenda.

Of margir stjórnmálaflokkanna eru of tengdir sérhagsmunum og bundnir þeim. Það á auðvitað fyrst og fremst við um gömlu stjórnarflokkana Framsóknarflokk og Sjálfstæðisflokk. Þeir eru sérhagsmunaflokkar frekar en tæki almennra kjósenda. Þeir tala fyrir afmörkuðum, þröngum hagsmunum frekar en almennum hagsmunum fólksins. Ég tel óhjákvæmilegt að opna fyrir persónukjör í almennum kosningum og auka bein áhrif kjósenda á kjörna fulltrúa. Flokkar eru nauðsynlegir en vald flokksforystunnar er allt of mikið.“

## Besti flokkurinn er uppreisn

– Árangur Besta flokksins í Reykjavík í borgarstjórnarkosningum er ótvíræður vitnisburður um óánægju með hina hefðbundnu stjórnmálaflokka. Hvað finnst þér um Besta flokkinn og feril hans það sem af er?

„Þetta framboð var eiginlega óhjákvæmilegt í ljósi þeirrar stöðu sem stjórnmálaflokkarnir voru búnir að koma sér í. Verði þingkosningar fljótlega er líklegt að sams konar framboð komi fram á landsvísu og fái töluvert fylgi. Stjórnmálaflokkarnir hafa ekki brugðist við skilaboðum kjósenda. Ég er ekki viss um að Besti flokkurinn sé í rauninni besti flokkurinn. Hann er bara hópur af óreyndu fólki. Þessi

hópur fær hins vegar sitt tækifæri og fólk leggur mat á verk hans þegar frá líður. Enn sem komið er hefur hann ekki gert neitt af sér. Hann hefur ekkert staðið sig verr en hinir flokkarnir hefðu gert. Hins vegar blasir reynsluleysið við en þessi hópur hefur enn möguleikann á því að standa sig vel.

Besti flokkurinn er uppreisn gegn flokkunum. Galli stjórnmálaflokkanna er sá að þeir eru meira til fyrir sjálfa sig en kjósendurna. Þess vegna hefur fólk misst trúna á þeim. Hvernig má það vera að flokkur eins og Sjálfstæðisflokkurinn, með svo ágæta stefnuskrá sem hann hefur, skuli vera allra flokka harðastur í því að takmarka atvinnufrelsi á Íslandi í höfuðatvinnugreinum landsmanna, sjávarútvegi og landbúnaði?

Thor Jensen, faðir Ólafs Thors, fyrrum formanns Sjálfstæðisflokksins, hefði líklega verið rekinn úr Sjálfstæðisflokknum ef þessi stefna hefði verið uppi þegar hann var upp á sitt besta. Thor var maður einkaframtaksins og byggði á efri árum sínum stærsta kúabú á Íslandi á Korpúlfsstöðum í næsta nágrenni Reykjavíkur til þess að svara eftirspurninni eftir mjólk. Hann mætti það ekki í dag af því hann gerði það án ríkisstyrkja. Á hvaða villigötur eru menn komnir þegar þeir trúa því að slíka menn eigi helst að líta á sem afbrotamenn? Þetta á reyndar ekki bara við um Sjálfstæðisflokkinn. Mér sýnist að það séu nú fleiri flokkar sem hafi fallið í þá gryfju að beygja sig undir svona sérhagsmuni.“

### Ekki enn í föstu starfi

– Ertu alveg búsettur í Bolungarvík þessi misserin?

„Já, ég er það. En konan mín vinnur í Reykjavík þannig að það eru auðvitað ferðalög á milli staða. Við vorum búin að koma okkur upp tveimur heimilum, eins og gengur hjá mönnum sem eru á þingi. Við ætlum að halda því áfram fyrst um sinn meðan það er hægt. Það gengur ágætlega enn sem komið er.“

– Hvað ertu helst að fást við um þessar mundir?

„Ég hef verið í einstökum afmörkuðum verkefnum og ekki fest mig í einhverju starfi til lengri tíma, ekki ennþá. Það er minna úrval af atvinnu hér fyrir vestan en syðra en ég hef frekar viljað vera hérna. Auðvitað er ég ennþá mikið að velta fyrir mér stjórnmálunum og ég geri ráð fyrir að ég haldi áfram að skipta mér af þeim og reyna að hafa áhrif á hvernig hlutirnir þróast. Ég held að það sé full þörf á því að tala fyrir þeim hugmyndum sem ég hef hvað mest borið fyrir brjósti.“

### Þingmaður á ný?

– Sérðu fyrir þér að þú verðir þingmaður á ný?

„Pólitík er óútreiknanleg. Um þetta er erfitt að segja eitthvað ákveðið fram í tímann. Ég leyni því hins vegar ekki að ég hef áhuga á því og það gæti alveg gerst að ég reyndi fyrir mér á nýjan leik.“

– Og þá hugsanlega í einhverju framboði gegn hinum hefðbundnu flokkum?

„Tvennt er til í þessum efnum. Annars vegar að reyna að fara inn í flokk sem er tilbúinn að breyta sér og aðlaga sig kröfum sem kjósendur hafa verið að setja fram. Fjórflokkurinn er lífseigt fyrirbæri og flokkarnir hafa tekið miklum breytingum gegnum áratugina. Það getur auðvitað gerst núna eins og áður. Hinn kosturinn er að koma fram með nýtt framboð sem vel kann að vera grundvöllur fyrir.

Á þessari stundu er hins vegar ekki gott að ráða í það hvernig þróunin verður næstu eitt-tvö árin. Ég reikna nú með því að þingkosningar verði ekki fyrr en árið 2013, að óbreyttu. En það sem gerist í stjórnmálunum næstu tólf mánuðina eða svo mun kannski ráða nokkuð miklu um þróunina í nokkuð langan tíma þar á eftir. Það mun ráða nokkuð miklu um það hvað verður um þessa flokka, hvort þeir verða til eða hvort þeir breytist. Mér sýnist til dæmis að Framsóknarflokkurinn sé nánast í andarslitrunum sem stjórnmálaafl á landsvísu. Sjálfstæðisflokkurinn er öflugri en þar eru miklar kröfur um breytingar. Samfylkingin og Vinstri grænir eru dálítið öðruvísi sem nýrri flokkar en eiga báðir í nokkrum erfiðleikum að mæta óánægju kjósenda. Líklega eru þessir flokkar sammála um það eitt að forðast þingkosningar á næstunni!“

*– Hlynur Þór Magnússon.*

## Vinna úr rækjuskel

Fiskimjölsverksmiðja Bolungarvíkur opnar á allra næstu dögum í húsnæði fyrrum loðnuverksmiðjunnar Gnár í Bolungarvík. Er ætlunin að taka á móti og vinna rækjuskel. „Við erum að tengja saman og gera klárt til þess að geta tekið á móti skelinni,“ segir Einar Jónatansson verksmiðjustjóri. Engin starfsemi hefur verið í húsnæðinu frá því haustið 2008.

Að sögn Einars verður eingöngu unnið úr rækjuskel í verksmiðjunni en tækin sem notuð voru til loðnuvinnslu hafa verið seld. Aðspurður hvort farið verði út í annars konar vinnslu af einhverju tagi segir Einar engin plön vera um það.

# 18% nemenda í telja foreldra sína í fjárhagsvanda

Færri nemendur í 9. og 10. bekkjum Grunnskóla Ísafjarðarbæjar telja foreldra sína eiga í fjárhagslegum erfiðleikum en í sambærilegri könnun sem gerð var fyrir ári. Nær 18% nemendanna töldu foreldra sína í fjárhagserfiðleikum í nýlegri könnun en 20% nemenda töldu svo vera fyrir ári. Er það 2% lægra en landsmeðaltalið sem er 20%. Þá sagði 1% nemenda að foreldrar þeirra hefðu ekki ráð á því að reka bíl sem er töluvert lægra en landsmeðaltalið sem er 5%. Þeir nemendur sem töldu foreldra sína ekki hafa ráð á þeirri tómstundastarfsemi sem viðkomandi unglingur vildi helst stunda voru 3% í ár á móti 5% nemenda fyrir ári.

Hlutfall nemenda í Ísafjarðarbæ sem sögðu foreldrar sína varla hafa næga peninga til að borga brýnustu nauðsynjar stóð í stað milli ára, eða 4% sem er einu prósenti minna en landsmeðaltalið. Þetta kom fram þegar Rannsóknamiðstöðin Rannsókn og greining kannaði hagi og líðan grunnskólabarna í Ísafjarðarbæ.

Gögnin sem skýrslan byggir á eru byggð könnun sem lögð var fyrir alla nemendur í 8.-10. bekk á Íslandi í marsmánuði árið 2010. Samtals fengust gild svör frá 3684 nemendum í 8. bekk og 7188 nemendum í 9. og 10. bekk auk 106 svara þar sem bekkur var ótilgreindur. Svarhlutfall nemenda í Ísafjarðarbæ var 82,5% í 9. bekk og 72,6% í 10. bekk.

*– thelma@bb.is*

**Melrakkasetur Íslands í Súðavík.**

# Jönusjóður stofnaður til styrktar Melrakkasetrinu

**Melrakkasetri Íslands í Súðavík barst fyrr í sumar myndarlegur fjárstyrkur frá 92 ára íbúa á Ísafirði, Kristjönu Samúelsdóttur. Kristjana, sem jafnan er kölluð Jana, er fædd í Álftafirði en hefur alla tíð verið búsett á Ísafirði. Kristjana heimsótti safnið í sumar og hreifst svo að verkefninu að hún ákvað strax að styrkja það. „Nú höfum við stofnað sérstakan reikning þar sem upphæðin frá Jönu var lögð inn sem stofnfé. Inn á þennan reikning safnast frjáls framlög og styrkir frá þeim sem vilja leggja okkur lið eins og Kristjana gerði svo myndarlega. Okkur er heiður að fá að nefna sjóðinn „Jönusjóð“,“ segir á vef Melrakkasetursins. Þar segir einnig: „Okkur langar að nota þessa fjármuni í sérstök verkefni sem samræmast markmiðum okkar á Melrakkasetrinu en eru of kostnaðarsöm til að við ráðum við þau. Við vonum að okkur beri gæfa til að nýta þessa fjármuni vel svo velunnarar okkar geti verið stoltir af framlagi sínu.“**

# Heyrst af áhuga erlendra aðila

„Þangað til hægt er að staðfesta fjármögnun félagsins og stöðuna að öðru leyti verður ekki tekin afstaða til tilboðsins,“ segir Hjalti Árnason, forstöðumaður lögfræðisviðs Byggðastofnunar um tilboð Fish 24/7 í Bakkavík í Bolungarvík. Byggðastofnun og Tryggvi Guðmundsson skiptastjóra þrotabús Bakkavíkur, bíða eftir gögnum frá Kristni Skúlasyni sem gerði tilboð í verksmiðjuna f.h. fyrirtækisins sem hann á í Nýfundnalandi. Hjalti segir önnur tilboð ekki vera til staðar eins og er, en heyrst hafi af áhuga erlendra aðila.

Á dv.is var nýlega greint frá því að kanadíska fyrirtækið hefði lagt fram óformlegt tilboð upp á 160 milljónir króna í Bakkavík auk fyrirheits um að leggja 160 milljónir í hlutafé að auki. Þá hefur fyrirtækið gert samning um að flytja um 2.500 tonn af rækju til vinnslunnar í Bolungarvík frá Kanada.

Fish 24/7 hefur mest megnis unnið að kaupum og sölu á rækju. Félagið hefur meðal annars keypt gáma með rækju til að selja til Evrópu, Asíu og Bandaríkjanna. Kristinn, sem ættaður er úr Önundarfirði, stofnaði fyrirtækið fyrir fjórum árum.

Bakkavík hf. var stofnuð árið 2001 og rak öfluga rækjuvinnslu í Bolungarvík þar til það var tekið til gjaldþrotaskipta fyrr á þessu ári. Félagið rak jafnframt fiskvinnslu og útgerð um nokkurra ára skeið og var mest með rúmlega 100 manns í vinnu. Rekstur Bakkavíkur skilaði þokkalegri afkomu allt til ársins 2009 en félagið hafði nýlokið við endurbætur á rækjuvinnslunni þegar efnahagshrunið varð árið 2008. Vegna gengisbreytinga hækkuðu skuldir félagsins verulega og á sama tíma dró úr sölu afurða vegna efnahagskreppu á helstu mörkuðum.

*– thelma@bb.is*

**Sigurður Bjarni Hjartarson, ferðaþjónn í Bolungarvík, segist hafa áhyggjur af því að slökkt hefur verið á NMT sendum Símans og þar með vissum kafla í fjarskiptasögunni lokið. Í því sambandi lítur Sigurður Bjarni m.a. til Hornstrandasvæðisins.**

# Nútímafólk vill að fjarskiptin séu í lagi

Sigurður Bjarni Hjartarson, ferðaþjónn í Bolungarvík, segist hafa áhyggjur af því að slökkt hefur verið á NMT sendum Símans og þar með vissum kafla í fjarskiptasögunni lokið. Í því sambandi lítur Sigurður Bjarni m.a. til Hornstrandasvæðisins.

„Á þessum slóðum eru margir sumarbústaðir,og ferðamannastraumurinn fer vaxandi ár frá ári. Þar sem mitt fyrirtæki þjónustar þetta svæði með farþegaflutningum, er ég hugsi yfir hvernig fyllt verður í það skarð sem NMT síminn skilur eftir sig. GSM samband er mjög stopult á svæðinu, þrátt fyrir mikla leit að þessum GSM blettum. Staðir eins og t.d. Hornvík munu detta algjörlega út og því til viðbótar er stopult samband við stjórnstöð Gæslunnar á neyðarrás VHF 16 á flestum þessum stöðum.“

Sigurður segist geta talið upp marga staði sem eru utan allra fjarskipta og nefnir m.a. Hrafnfjarðarbotn, Leirufjörð, Veiðileysufjörð og Lónafjörð. „Vissir erfiðleikar eru í Fljótavík þrátt fyrir að þar séu aðilar sem eru sífellt að reyna að bæta sambandið og hafa þekkingu til þess. Í Hlöðuvík eru tveir Tetra símar og eru þeir afar mikilvægir þar sem sambandið er gott og alltaf hægt að ná séu menn í húsunum. Það er samt spurning um Tetra kerfið, mér skilst að það hafi verið prófað í Aðalvík með ófullnægjandi árangri. Ég hef ekki mikið vit á þessu Tetra kerfi, en eftir þeim upplýsingum sem ég hef fengið þá er þetta kerfi stirðara fyrir venjulegan borgara, fólk af GSM kynslóðinni vill geta, án þess að hafa fyrir því, hringt hvar sem er úr tækjum sem eru jafn einföld og gemsi. Þessi frasi um að komast austur fyrir gemsa er bara rugl, nútímafólk vill að fjarskiptin séu í lagi. Menn geta slasast á einhverjum þessara staða, og það getur skipt miklu máli að ná tafarlausu sambandi við björgunaraðila, en þurfa ekki mitt í krísunni að fara einhverjar fjallatoppaleiðir til að finna stopult GSM samband,“ segir Sigurður.

„Ég vil vekja upp umræðu um þetta efni þar sem þetta er stórmál fyrir framtíðina.Væri t.d. hægt að koma upp endurvarpa á hálendinu upp af t.d Unaðsdal,eða fjöllunum þar í kring, mér skilst á kunnugum manni að það þyrfti ca 5-8 km háspennukapal frá næsta rafmagnskerfi í nágrenni við Kaldalónssvæðið. Mér skilst miðað við sjónlínu og fjarlægð til Jökulfjarða og Hornstrandanna þá sé hægt að finna þessum endurvarpa stað. Það væri gott ef einhver sem hefur meiri þekkingu á þessum málum fengist til þess að upplýsa hvað sé framundan.“

Að lokum segir Sigurður B. Hjartarson ferðaþjónn í Bolungarvík: „Mín grafskrift um gamla og góða NMT símann er þakklæti fyrir þau mörgu góðu ár er við áttum saman.“

*– thelma@bb.is*

# 3G farsímakerfi byggt upp í stað NMT

„NMT-kerfið hefur í áratugi þjónað öryggishlutverki bæði til sjós og lands en nú er ekki lengur unnt að reka kerfið þar sem það er barns síns tíma og ekki lengur framleiddur búnaður í það til uppfærslu,“ segir Margrét Stefánsdóttir upplýsingafulltrúi Símans en eins og fram hefur komið var NMT-kerfinu endanlega lokað 1. september. „Í ljósi þessa hefur Síminn ráðist í umfangsmikla uppbygginu 3G farsímakerfis ásamt því að bæta hefðbundna GSM-kerfið mikið. Þrátt fyrir mikla útbreiðslu nýju kerfanna er ekki tryggt að samband verði á öllum svæðum sem nú njóta NMT-þjónustu en með réttu vali á búnaði má minnka eyður þar sem ekki næst samband,“ segir Margrét.

„Við viljum benda almennum NMT-notendum á að flytja þjónustu sína yfir í hið nýja 3G kerfi Símans og fá þannig aðgang að öllum nýjum tal- og gagnaflutningsmöguleikum sem þar bjóðast.“ Eins og fram kemur í frétt hér að ofan lýsir Sigurður Bjarni Hjartarson, ferðaþjónn í Bolungarvík, yfir áhyggjum af því að á mörgum stöðum verði ekkert fjarskiptasamband og hafa Hornstrandir sérstaklega verið nefndar í því samhengi. „Það er rétt að við lokun NMT verður takmarkað samband á Hornströndum og þarf að gera mælingar á einstökum stöðum til að geta fullyrt að samband sé til staðar,“ segir Margrét.

„Erfitt verður að setja upp 3G/GSM senda fyrir þetta svæði þar sem ekkert rafmagn er á svæðinu og lítið um aðstöðu á þeim stöðum sem gætu gefið einhverja útbreiðslu. Því er ólíklegt að almenn farsímanotkun verði á svæðinu í bráð. Þeir sem vilja tryggja öryggi sitt á þessum slóðum þurfa því að treysta á annars konar búnað s.s. gervihnattsíma eins og Iridium. Síðar verður fundið út með mælingum hvort hægt verði að ná 3G/GSM sambandi í einstökum sumarbústöðum á svæðinu. Hér er spurning hvort almannavarnasjónarmið ráði og þá hver myndi greiða fyrir lagningu rafmagns.“

Margrét vill benda á að með 3G korti frá Símanum fá viðskiptavinir sjálfkrafa aðgang að almenna GSM-kerfinu en saman mynda þessi farsímakerfi langstærsta og öflugasta dreifikerfi landsins.

*– thelma@bb.is*

# Áhyggjur að minnkandi þjónustu

„Við höfum áhyggjur af því að fjarskiptaþjónustan minnki. Eins og er, er ekki nægjanlega gott GSM-samband á afskekktum stöðum þrátt fyrir að þeir séu með þetta 3G kerfi,“ segir Elías Oddsson, framkvæmdastjóri Vesturferða á Ísafirði aðspurður hvort ferðaþjónar séu uggandi vegna lokunar NMT-kerfisins en það mun takmarka fjarskiptasamband m.a. á Hornströndum.

„Það þarf að bæta GSM sambandið verulega til þess að það komi í stað NMT-kerfisins en enn er langt í að það nái sömu útbreiðslu og NMT kerfið “ segir Elías. Eins og komið hefur fram hafa menn áhyggjur að skertu öryggi en sumir staðir eins og Hornvík mun verða alveg sambandslaus eftir að NMT-kerfinu verður lokað. Er þá bæði verið að hugsa um sumarbústaðaeigendur á Hornströndum og ferðamönnum á svæðinu en ferðamannastraumurinn.


## Heilbrigðisstofnun Vestfjarða

***Háls-, nef- og eyrnalæknir á Ísafirði***

Ólafur Guðmundsson, háls-, nef- og eyrnalæknir verður með móttöku á Ísafirði dagana 9.-11. september.

Tímapantanir eru í síma 450 4500 á milli kl. 08:00 og 16:00 alla virka daga.

# Rögnvaldur sigraði fjórða árið í röð

Rögnvaldur Magnússon, Golfklúbbi Bolungarvíkur, sigraði fjórða árið í röð í karlaflokki án forgjafar á sjávarútvegsmótaröðinni í golfi sem lauk á Tungudalsvelli um þar síðustu helgi. Mótaröðin var haldin fimmta árið í röð í sumar og var þátttaka með besta móti. Um var að ræða sjö mót og fékk Rögnvaldur samanlagt 7.850 stig. Annar varð Elías Jónsson, Golfklúbbi Bolungarvíkur, með 6.032,5 stig og þriðji varð Anton Helgi Guðjónsson, Golfklúbbi Ísafjarðar, með 4.622 ,5 stig. Rögnvaldur og Elías voru einnig í tveimur efstu sætunum með forgjöf, Rögnvaldur með 5.040 stig og Elías með 4.712,5 stig. Þriðji með forgjöf var Janusz Pawel Duszak, Golfklúbbi Bolungarvíkur, með 4.337,5 stig. Þar sem Rögnvaldur sigraði í báðum flokkum, kom sigurinn með forgjöf í hlut Elíasar.

Anna Ragnheiður Grétarsdóttir, Golfklúbbi Ísafjarðar, sigraði án forgjafar í kvennaflokki með 7.850 stig. Önnur varð Björg Sæmundsdóttir, Golfklúbbi Patreksfjarðar, með 6.167,5 stig og þriðja varð Bára Margrét Pálsdóttir, Golfklúbbi Patreksfjarðar, með 5.833,8 stig. Í kvennaflokki með forgjöf sigraði Anna Guðrún Sigurðardóttir, Golfklúbbi Ísafjarðar, með 6.852,5 stig, önnur varð Bjarney Guðmundsdóttir, Golfklúbbi Ísafjarðar, með 5. 567,5 stig og þriðja varð Guðrún Dagbjört Guðmundsdóttir, Golfklúbbi Bolungarvíkur, með 5. 242,5 stig.

**Rögnvaldur Magnússon sigraði sjávarútvegsmótaröðina í karlaflokki annað árið í röð. Ljósm: Benedikt Hermannsson.**

Í öldungaflokki án forgjafar sigraði Ingi Magnfreðsson, Golfklúbbi Ísafjarðar, með 8.000 stig. Annar varð Páll Guðmundsson, Golfklúbbi Bolungarvíkur, með 6.085 stig og þriðji varð Óli Reynir Ingimarsson, Golfklúbbi Ísafjarðar, með 5.455 stig. Ingi Magnfreðsson sigraði einnig með forgjöf með 6.452,5 stig. Þar sem hann sigraði einnig án forgjafar kom fyrsta sætið í hlut Heiðars Inga Jóhannssonar, GBB, sem fékk 5.767.5 stig. Næstur kom Óli Reynir Ingimarsson með 5.545 stig og þá Páll Guðmundsson með 5.365 stig.

Daði Arnarsson, Golfklúbbi Bolungarvíkur, sigraði án forgjafar í unglingaflokki, með 8.000 stig. Annar varð Jón Hjörtur Jóhannesson, Golfklúbbi Ísafjarðar, með 4.600 stig og þriðji varð Ingólfur Daði Guðvarðarson, Golfklúbbi Bolungarvíkur, með 4.450 stig.

# Stjórnarskráin og kirkjan

**Stakkur skrifar**

Einn fróðasti lögspekingur Íslendinga, Sigurður Líndal, hefur látið uppi álit sitt á stjórnlagaþinginu og breytingum á stjórnarskránni. Hann telur það óþarft eins og það er ætlað. Breytingar á stjórnarskrá hafi átt sér stað með tímanum eins og reyndar var bent hér á fyrir viku. Enn er á það minnt að ekki hefur verið nefnt hvað það er sem kallar á breytingu stjórnarskrárinnar nú. Hún er afar mikilvæg leiðbeining um stjórnkerfi íslenska ríkisins. Henni á ekki að breyta þótt á bjáti í þjóðfélaginu. Nú þarf einkum mjög breyttan hugsunarhátt íslenskra stjórnmálamanna. Þeir eru þjónar þjóðarinnar og kjósenda og ættu gjarnan að muna þá staðreynd betur og oftar en nú er raunin. Skyldu sinni eiga þeir að sjálfsögðu að sinna af alúð, hreinskilni og heiðarleika, án þess að hafa eigin hag, hagnað og gróðasjónarmið í fyrirrúmi.

Nóg um það. Enginn hefur í rætt um hvað það er sem þarf að bæta í stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands. Sá dapurlegi misskilningur virðist ríkjandi að með reglum einum saman verði hægt að gera mistæka menn betri. Ef enginn er viljinn verða menn aldrei betri en þeir þegar eru. Um stjórnmálamenn þarf vart að ræða meir. Þeir eiga öll tækifæri til að vinna traust okkar kjósenda. En vilja þeir það? Enn er þeirri spurningu ósvarað eftir bankahneykslið, sem enginn ber að eigin sögn ábyrgð á. En er ekki einmitt þessi skortur á ábyrgð, þetta stóra ábyrgðarleysi, grundvöllurinn að því að nú skuli halda stjórnlagaþing? Það gæti dregið athyglina frá aðgerðarleysinu, sem mörgum kjósandanum finnst nú orðið yfirþyrmandi, þegar við Íslendingar þurfum að láta verkin tala og rífa okkur upp úr þeim dróma sem nú ríkir á Íslandi. Atvinnuleysi mun ekki minnka vegna Stjórnlagaþings, heill og hamingja fólks eykst ekki heldur. Meira þarf til. Breytt hugsun er brýnust til framfara.

Þjóðkirkjan engist af eigin gerðum og þótt biskup kveði kirkjuna eiga að vera fólki skjól efast margir um að svo sé. Biskupi er að sumu leyti vorkunn. Hann hefur orðið tvísaga og það er vissulega munur á því að segjast ekki rengja mann eða því að segjast trúa orðum hans. Þau mál sem skekja nú þá yfirmenn þjóðkirkjunnar, sem verið hafa lengst af í vernduðu umhverfi og hafa skýlt sér að bak við það að meiri hluti þjóðarinnar standi með þeim, eru erfið.

Engar lögformlegar sannanir eru fyrir þeim áburði sem látinn fyrrverandi biskup situr undir. En spurningarnar eru margar og erfiðar og biskupi og hans fólki hefur mistekist að svara þeim með sannfærandi hætti. Þar með hafa þeir lagt öllum þeim fjölmörgu sem vilja aðskilnað ríkis og kirkju mikið lið. Þeir hafa væntanlega að öllu óviljandi byrjað þann aðskilnað með minnkandi trausti fólks á þjóðkirkjuna sem stofnun. Það sést á úrsögnum og fleiri viðbrögðum sem koma fram í þverrandi trausti á þessa gömlu stofnun.

Svo kann að fara að sú þróun verði ekki stöðvuð.

***Stakkur*** hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.


## smáar

**Til sölu er 25 metra seglstrigi. Sýningartjald á þrífæti, barnablaðið Æskan 52 árgangar og ósaumað veggteppi og fleira. Uppl. í síma 691 8144 e.kl. 14.**

**Til sölu eru tveir hestar, annar 16 vetra og hinn 8 vetra. Uppl. í síma 849 8720 (Thelma Björk).**

**Til sölu er Simmons rúm. Teg: Dream Scapes, Park Avenue. Stærð: CalKing. Upplýsingar í síma 824 2404.**

**Miðillinn Lára Hall Snæfell verður á Ísafirði um mánaðarmótin sept.-okt. Tímapantanir eru í síma 863 7086.**

**Óska eftr vel með förnum kerruvagni með burðarrúmi, svuntu og helst loftdekkjum. Upplýsingar í síma 661 0069 (Heiða).**

**Óska eftir 2ja herb. íbúð eða stúdíó íbúð til leigu á Ísafirði, sem fyrst. Uppl. í síma 696 3743.**

**Til sölu er nýtt rúm 90x200 með lausum gafli. Uppl. í síma 456 2245 og 863 9245.**

***Það er ódýrara að vera áskrifandi? Síminn er 456 4560***

# Syntu frá Folafæti út í Vigur

Þrír félagar, Árni Heiðar Ívarsson, Jón Kristinn Þórsson og Ólafur Arnar Ingólfsson, syntu á miðvikudag í síðustu viku frá Folafæti milli Hestfjarðar og Seyðisfjarðar og út í Vigur. Vegalengdin er um tveir kílómetrar og sjórinn var 9°C og mátti ekki vera mikið kaldari að sögn félaganna.

„Vopnaðir sundskýlum og ullarhúfum með Hauk og Jóa í gúmmíbátnum tilbúna að draga okkur að landi ef illa færi, lögðum við af stað um kl. 14. Veður var fínt og ferðin gekk ljómandi vel en við máttum samt þola létta vindbáru í andlitið. Eftir um klukkutíma á sundi vorum við komnir út í Vigur þar sem þau Salvar og Hugrún tóku á móti okkur með sinni einstöku gestrisni og komu í okkur yl með heitri sturtu, kaffi og kökum," segir Ólafur.

Að sögn þremenninganna synti Ísfirðingurinn Kjartan Hauksson þessa leið árið 1990 og væntanlega var hann sá fyrsti sem það gerði.

*– thelma@bb.is*

**Félagarnir þrír syntu 2 km í 9°C heitum sjó frá Folafæti út í Vigur í Ísafjarðardjúpi.**

# Framkvæmdir hafnar við Mávagarð

Framkvæmdir við nýja höfn á Mávagarði á Ísafirði hófust fyrir viku og ganga vel að sögn Magnúsar Helgasonar, framkvæmdastjóra verktakafyrirtækisins Geirnaglans á Ísafirði sem annast verkið. „Við byrjum á því að keyra út grjótgarðinn fyrir krana og tæki til að standa á og svo verður hafist handa við að reka niður stálþilið," segir Magnús. Verkið felst m.a. í fyllingu á um 8.000 m³ svæði auk þess sem steypa þarf 28 akkerisplötur og kantbita á þilið sem nemur 93 metrum. „Við stefnum að því að klára á árinu ef veður leyfir og ekkert óvænt kemur upp á," segir Magnús. Beðið hefur verið lengi eftir framkvæmdir hefjist við framtíðarstað olíubirgðastöðvar við Sundahöfn á Ísafirði en ekki hefur fengist fjármagn til verksins.

Núverandi staður við Suðurgötu hefur lengi verið nokkuð umdeildur. Vinnuhópur um framtíðarstað birgðastöðvarinnar lauk störfum árið 2007 eftir að skýrsla, unnin af VST, hafði verið kláruð. Í henni komu fram þeir kostir sem hópurinn taldi fyrir því að birgðastöðin yrði færð á nýtt svæði á Mávagarði. Meðal kosta eru nefndir að lóðin við Suðurgötu losni og hægt verði að nýta hana í aðra starfsemi sem henti betur á svæðinu, ekki þyki líklegt að byggð muni þrengja að nýrri staðsetningu og að mögulegt verði að skilja að löndun fisks og löndun olíu.

*– thelma@bb.is*

**Olíutankskipið Stella Virgo kom í síðustu viku með síðasta farminn sem landað var við núverandi aðstöðu á Mávagarði á Ísafirði.**

# Uppsátur fyrir smábáta verði við Langeyri

Gert er ráð fyrir að sett verði upp uppsátur fyrir smábáta innan til við Langeyri í Súðavík á þessu ári samkvæmt verkefnaáætlun fyrir samgönguáætlun 2011-2014. Þetta kom fram á fundi hafnarstjórnar Súðavíkurhrepps á dögunum þar sem tekið var fyrir bréf frá Siglingastofnun, þar sem óskað er eftir umsóknum um ríkisframlög vegna verkefna innan sveitarfélagsins. Áætlaður heildarkostnaður við uppsetningu uppsátursins er 4,2 milljónir króna en verkefnið var samþykkt á árinu 2008 en frestað þá.

Þá var einnig samþykktur styrkur að upphæð 500 þúsund krónur árið 2008 til að setja upp öryggisljós á bryggjuna í Reykjanesi. Ekki tókst að nýta þann styrk og var hann felldur niður . Óskað er eftir í verkefnaáætlun nú að styrkurinn verði endurveittur. Hafnarstjórn Súðavíkurhrepps hefur samþykkt verkefnaáætlunina.

# GÓK bauð lægst í FHB

GÓK húsasmíði ehf. bauð lægst í síðara áfanga Félagsheimilis Bolungarvíkur en tilboð í verkið voru opnuð í síðustu viku. Fjögur tilboð bárust í verkið en kostnaðaráætlun hljóðar upp á kr. 15.436.148. GÓK húsasmíði bauð 11.977.450 krónur, sem er 77,59% af kostnaðaráætlun.

Spýtan ehf. bauð 12.388.109 krónur eða 79,93% af kostnaðaráætlun. Rafskaut ehf. bauð 13.553.360 krónur eða 87,70% af kostnaðaráætlun og Geirnaglinn ehf. bauð 14.073.380 krónur eða 91,70% af kostnaðaraáætlun. Byggingarnefnd hefur lagt til að bæjarstjóra og byggingarfulltrúa verði falið að ganga til samninga við lægstbjóðanda.

# Hljómsveitin Trap kemur saman á ný

Ísfirska skólahljómsveitin Trap kemur saman á ný í september eftir rúmlega fjörutíu ára hlé. Hljómsveitin lék á fjölmörgum skólaböllum og skemmtunum þegar hún var upp á sitt besta árið 1968. Hljómsveitina skipa Ísfirðingarnir Reynir Guðmundsson, Rúnar Þór Pétursson, Örn Jónsson, Kristján Hermannsson og Stefán Símonarson. Bæjarins besta náði tali af Reyni Guðmundssyni, einum meðlima hljómsveitarinnar.

„Við spiluðum mikið í grunnskóla. Það voru alltaf böll hálfsmánaðarlega í skólanum og svo voru líka skemmtanir hér og þar. Til dæmis voru oft unglingaböll í Gúttó og í samkomuhúsum bæjarins."

Reynir telur að hljómsveitin hafi starfað í um eitt ár með þessari liðsskipan en segir að miklar mannabreytingar hafi að venju átt sér stað og mönnum hafi oft verið skipt á milli hljómsveita á þessum árum.

„Það duttu kannski tveir út á einum stað og aðrir komu inn. Þá var gjarnan skipt um nafn á sumum hljómsveitum margoft," segir Reynir, en hljómsveitin var sett á laggirnar árið 1968.

– Var mikið af hljómsveitum að spila á þessum tíma?

„Á þessu tímabili voru þær ekki margar en það voru þó auðvitað aðrir að spila. Þetta voru eiginlega tvö gengi að spila og síðan var þessu öllu ruglað með því að skipta mönnum á milli sín. Það var alveg mikið í gangi og það má t.d. nefna þessa sem eru enn að í dag, Baldur Geirmundsson og Villa Valla, það var ekkert annað í gangi á þessum árum."

– Af hverju er hljómsveitin að koma saman aftur?

„Tilefnið er árgangamót hjá árgangi ´56. Planið er að hittast í september á Ísafirði og þess vegna var slegið til og kallað í hljómsveitina, sem ætlar að slá upp balli í leiðinni fyrir árganginn."

Aðspurður hvort að allir sé búnir að vera grúska í tónlist þessi ár svarar Reynir því játandi.

„Við höfum allir verið í þessu nema Stefán, hann hefur lítið verið í þessu síðan þá. Til dæmis er Kristján Hermannsson, sem spilar á hljómborð hjá okkur, svolítið að spila og hefur líka verið að læra, en við höfum allir verið að spila og þetta er bara allt í lagi, við erum búnir að taka nokkrar æfingar og höfum engu gleymt. Við æfum hérna í Reykjavík og sendum Stebba síðan lögin og hann rennir yfir þetta. Síðan tökum við tvær æfingar fyrir vestan þegar við komum."

Þegar Reynir er spurður að lokum hvort að lagavalið verði það sama og fyrir fjórum áratugum er svarað einfalt:

„Já það er algjör skylda, það má ekkert fara út fyrir það."

Hljómsveitin Trap á skólaballi í Gagnfræðaskólanum á Ísafirði.Á myndinni sjást þeir Rúnar Pétur Geirsson á gítar, Reynir Guðmundsson á trommur, Stefán Símonarson á gítar og þá sést hluti af Kristjáni Hermannssyni sem spilaði á orgel. Í hljómsveitinni var einnig Örn Jónsson bassaleikari.

Fjórir af fimm meðlimum hljómsveitarinnar Trap að lokinni æfingu í Reykjavík í síðustu viku. Efri röð: Reynir Guðmundsson og Kristján Hermannsson. Neðri röð: Rúnar Pétur Geirsson og Örn Jónsson. Á myndina vantar Stefán Símonarson. Ljósm: Pjetur Geir Óskarsson.

# Heilgrillað nautafile

Sælkeri vikunnar býður upp á heilgrillað nautafile, ca 200g á mann, með kartöflubátum og grænmeti og sósu að eigin vali. Eldun miðast við gasgrill eða ofn. „Mikilvægt er að kjötið hafi náð stofuhita áður en eldað er einnig er gott að létt snyrta bitann en ekki skera djúpt í kjötið. Gott er að nudda smá ólífuolíu á kjötið jafnt yfir bitann fyrir eldun. Má krydda með svörtum pipar fyrir eldun en þarf ekki.“

**Eldun:**

Kjötið brúnað við háan hita á grillinu, á bara að taka nokkrar mínútur síðan er kjötið fært á efrigrind og lækkað á minnsta hita og grillinu lokað. Þannig að hitinn á grillinu sé ca 120- 160 gráður, ég giska bara á tímann en best er að vera með kjötmæli í miðjum bita en fyrir mig og mína þá má hitinn í miðju ekki fara yfir 57- 60 gráður sem er medium-rare, yfir 65 gráður er kjötið full steikt. Ef grill er ekki til staðar má brúna kjötið á heitri pönnu og setja síðan í ofn helst ekki hærri hita en 140, lægri ofnhiti = lengri tími en betra kjöt. Mjög mikilvægt er að láta kjötið standa eftir eldun, stærri biti – lengri tími, en ekki minna en 10 mínútur áður en skorið er.

**Framreiðsla:**

Kjötið skorið í þunnar sneiðar, ekki mikið þykkra en roastbeef eftir þörfum og hver kryddar á sínum disk með dash af salti og svörtum pipar eftir smekk.

**Meðlæti:**

Kartöflurnar skornar í báta og grillaðar á grillbakka eða í ofni, þangað til bátarnir eru orðnir nokkuð tanaðir (brúnir). Gulrætur, paprika, laukur og sveppir. Létt steikt á pönnu í smjöri eða smjörsteiktir sveppir og ferskt grænmetis salat.

*Sósa:* Heimalöguð béarnaise er best, en má vera hvaða sósa sem hentar með nautakjöti.

*Ég mæli með Sveini Þorbjörnssyni sjúkraflutningsmanni á Ísafirði sem næsta sælkera vikunnar.*

## Sælkerinn

**Sælkeri vikunnar er Ragnar Aron Árnason á Ísafirði.**

# Grafík kom saman á ný

Ísfirska hljómsveitin Grafík kom saman á ný á tónleikum á Menningarnótt í Reykjavík. Þeim til fulltingis var söngkonan Andrea Gylfadóttir. „Þetta var æðislega gaman. Ég held að við höfum slegið í gegn í annað sinn, eða hvort það var þriðja eða fjórða skiptið,“ segir Helgi Björnsson söngvari sveitarinnar og hlær.

„Viðtökurnar voru frábærar og fólk var yfir sig hrifið, allavega þeir sem ég hef heyrt í.“ Var þetta í fyrsta sinn sem Grafík kom saman frá því að minningartónleikar voru haldnir um Rafn Jónsson, trommara sveitarinnar, á Ísafirði árið 2004. Þá höfðu sveitarmeðlimir ekki komið saman síðan 1987 eða -88 að sögn Helga. Grafík var geysivinsæl á Vestfjörðum á árum áður og virðist ljóst af viðtökum á laugardagskvöld að tónlistin höfðar ekki síður vel til nýrrar kynslóðar.

„Það var gaman að finna hvað allir voru með á nótunum og sungu með þótt við værum að syngja þessi eldgömlu lög,“ segir Helgi. Aðspurður hvort það sé á döfinni hjá Grafík-liðum að hittast á ný í náinni framtíð segir Helgi að það verði að ráðast en þó sé góður möguleiki á því. „Grafík á 30 ára afmæli á næsta ári og við stefnum á útgáfu hljómdisks og heimildarmyndar af því tilefni. Hugmyndin er að gefa út saman í einum pakka DVD og CD þar sem farið er yfir sögu hljómsveitarinnar í myndformi og bestu lögin gefin út saman.“

Hann segir góðar líkur á því að útgáfunni verði fylgt eftir með tónleikaferð. „Það er samt allt óráðið enn. Gaman væri að koma heim á Ísafjörð og spila. Það er spurning hvort maður ætti að hringja í Mugison og spyrja hvort við mættum spila á Aldrei fór ég suður.“

*– thelma@bb.is*

**Andrea Gylfadóttir tók lagið með sínum gömlu félögum.**

**Grafík, sem fagnar þrítugsafmæli á næsta ári, sýndi og sannaði á menningarnótt að hún hefur engu gleymt.**

# Nokkur orð frá Vá Vesthópnum til foreldra

Oft hafa foreldrar haft samband við meðlimi Vá Vesthópsins með spurningar um uppeldi. Í sumum tilvikum er um að ræða spurningar foreldra þar sem börn þeirra hafa misstigið sig og er þá gjarnan leitað ráða. Í þessu sambandi langar Vá Vesthópinn til að minna foreldra á eftirfarandi

### Útivistarreglurnar eru til verndar

Útivistarreglurnar eru sóttar í landslög. Það er skylda okkar foreldra að kenna börnunum okkar að virða lög og reglur. Barn sem ekki lærir slíkt mun lenda í vanda fyrr heldur en seinna á lífsleiðinni. Það er hluti af þroska hvers barns að upplifa og skynja þá vernd sem felst í aga og reglum. Það að segja nei við barn sitt þarf ekki að vera neikvætt, heldur merki um væntumþykju. Útskýringar þurfa hins vegar að fylgja slíku svari.

„Allir hinir mega það“ eru ekki rök sem við tökum sem góðum og gildum. Þó svo einstaka foreldrar láti undir höfuð leggjast að virða lög og reglur og sinni ekki uppeldisskyldum sínum á það ekki að trufla hina. Höldum ótrauð uppi skynsamlegum aga og væntumþykju - spyrjum að leikslokum.

Vá Vest
vímuvarnarstefna

Kíktu á Námuna á Facebook

# Aukakrónur fyrir Námufélaga

Náman leggur námsmönnum lið með því að bjóða hagstæðari kjör, betri yfirsýn yfir fjármálin, 2 fyrir 1 í bíó*, 150 fríar færslur á ári, Námu A-kort með Aukakrónusöfnun auk fjölda annarra fríðinda.

**Það er leikur að læra með Námunni.**

Bryndís Ósk Þ. Ingólfsdóttir, Námufélagi og nemi í kvikmyndafræði

Leikur: Kvikmyndatjald

**NÁMAN** | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

ENNEMM / SIA / NM43338 hbi hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0260.